



Silver Age Learning: Nýtt námstilboð fyrir eldri borgara

“Menntun leikur mikilvægt hlutverk á öllum skeiðum ævinnar”

Hvað er Silver Age Learning?

Silver Age Learning er Erasmus samstarfsverkefni fimm þjóða sem hefur að markmiði að leggja sitt af mörkum til að undirbúa fólk undir að eldast og þær breytingar sem fylgja hækkandi aldri og að gera eldri árin ánægjulegri, gæða þau meiri virðingu og meira sjálfstæði.

Verkefnið Silver Age Learning eða nám á silfurárunum beinist að viðfangsefnum varðandi heilbrigði, andlega velferð, félagslega þátttöku og stjórnun á persónulegum viðfangsefnum daglegs lífs á þriðja aldurskeiðinu, með því að bjóða heildstætt menntunartilboð fyrir eldra fólk.

Námskeiðin sem þróuð verða beinast að öllum þremur þáttum sjálfstæðis eldra fólks almennt.

- Sjálfstætt og fullfært eldra fólk sem býr heima.
- Eldra fólk sem nýtur stoðþjónustu vegna takmarkaðrar eigin færni
- Eldra fólk sem býr á dvalarheimilum eða hjúkrunarheimilum og er háð stoðþjónustu og umönnun.

Þess má vænta að námskeiðatilboðið verði um 100-150 kennslustundir sem við munum þróa, prófa og aðlaga, þannig að tryggt verði að námið verði skilvirkt, sveigjanlegt og aðlaðandi fyrir eldra fólk. Samtímis er ætlunin að útbúa viðeigandi gögn fyrir leiðbeinendur sem kenna námskeiðin og kennsluleiðbeiningar, þannig að námskeiðin skili árangri.

Aðalviðfangsefni verkefnisins



- Val á viðfangsefnum fyrir nám eldra fólks um heilsu og velferð
- Þróun námskeiða fyrir eldra fólk
- Þróun kennsluleiðbeininga og leiða til mats á árangri
- Tilraunakennsla námskeiðanna
- Kynningarmyndband fyrir námskeiðin

Hver eru virkniáhrif Silver Age?



Með því að fræða eldra fólk um mál sem varða heilsu og velferð, stefnir SAGE að því að efla félagslega og andlega virkni.

Í þessu nýja námstilboði verður innbyggt matskerfi sem gefur leiðbeinendum tækifæri til að meta áhrif námsins á þátttakendur.

Upphafsfundur í Prag

Fyrsti fundur verkefnisins var haldinn í Prag í Tékklandi 24. og 25. október, 2019 undir stjórn ACZ (sjá næstu síðu). Þar ræddu þátttakendur fyrstu viðfangsefni verkefnisins, tímalínu þess, áfanga verkefnis og væntanlegan árangur. Einnig var skipt verkum um mat og þróun viðfangsefna í námskeiðunum. Næsti fundur verður haldinn í Reykjavík í júní 2020. Þar verður unnið að fyrstu áföngum þess að þróa kennslugögn og kennsluleiðbeiningar.

Pátttakendur

Coordinator: ACZ í Prag, Tékklandi



Miðstöð um nám alla ævi fyrir alla og samfellu í verkmenntun ACZ var stofnuð 1995. Meginviðfangsefni varða tilboð um starfsnám og framhaldfræðslu bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

PROVINCIA DI LIVORNO SVILUPPO SRL í Livorne, Ítalíu



PLIS fæst fyrst og fremst við þróunarverkefni, rannsóknir og þjálfunarverkefni. Megintilgangur er að koma í framkvæmd stefnu sem nýtist fyrir staðbundna, sjálfbæra þróun. PLIS er kennslu og þjálfunarstofnun með mikla reynslu af stjórnun og samhæfingu þróunarverkefna, jafnt staðbundinna og landsbundinna verkefna og Evrópuverkefna.

Fjölmennt símenntunar- og þekkingarmiðstöð Íslandi



“Fjölmennt símenntunar- og þekkingarmiðstöð – Nám alla ævi fyrir fólk með námserfiðleika” er námskeiða- og þekkingarmiðstöð fyrir fólk frá 20 ára aldri með flóknar þarfir í námi vegan fötlunar. Fjölmennt býður fjölbreytt úrval námskeiða fyrir fólk með fötlun, einkum fyrir fólk með þroskahömlun, fjölþættar samsettar fatlanir og einhverfu.

KMOP Grikklandi



Kmop í Aþenu er sjálfseignarstofnun með meira en 40 ára reynslu af að styðja við viðkvæma hópa. Samhliða beinni félagslegri þjónustu lýtur sérfræðiþekking stofnunarinnar að hönnun og framkvæmd áhrifamikilla félagslegra verkefna á sviði menntunar, mannréttinda, atvinnumála, umönnunar og velferðar, ásamt rannsóknum og þróun á hagnýtri þekkingu varðandi viðfangsefni sem varða félagsleg stefnumál, með það að markmiði að stuðla að sterku en sveigjanlegu samfélagi með jöfnum tækifærum fyrir alla.

Ljudska univerza Celje Slóveníu



Háskóli fullorðinsfræðslu í Celje er opinber stofnun með það meginverkefni að bjóða fullorðnu fólki menntun. Áhersla er lögð á að hlúa að viðkvæmum samfélagshópum bæði í nærumhverfni og í stærra samhengi. Stofnunin menntar þjálfar og býður ráðgjöf og stuðning fyrir ungt fólk, innflytjendur, atvinnulausa, fanga, eftirlaunaþega o.fl. hópa.

Contact Us: sage@kmop.eu – web: <https://www.acz-kurzy.cz/about-sage>



Co-funded by the
Erasmus+ Programme
of the European Union

The European Commission's support for the production of this newsletter does not constitute an endorsement of the contents, which reflect the views only of the authors, and the Commission cannot be held responsible for any use which may be made of the information contained therein.